

Nd.

65. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 29. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Eins og greinargerð frv. ber með sjer, leggur stjórnin frv. þetta fyrir þingið til staðfestingar samhljóða bráðabirgðalögum, er út voru gefin 19. júlí síðastliðinn.

Ástæðan til þess, að bráðabirgðalögin voru út gefin, var sú, að ákvæði eldri laga þóttu tvíræð, svo að eigi hafði verið fult samræmi í framkvæmd þeirra.

Nefndin hefir fallist á að mæla með, að frv. þetta verði samþykkt, en þó hafa einstakir nefndarmenn áskilið sjer rjett til þess að bera fram breytingartillögur.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 1. mars 1929.

Halldór Stefánsson, Hannes Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.
form. fundaskr.

Jón A. Jónsson. Hjeðinn Valdimarsson. Ólafur Thors, Sig. Eggerz.
frsm.